

Yfirlýsing Samninganefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna kjarasamnings Félags leikskólakennara

Með nýjum kjarasamningi Félags leikskólakennara og Sambands íslenskra sveitarfélaga er tekið jákvætt skref í áttina að því að bæta starfsumhverfi leikskólakennara og gera það eftirsóknarverðara þannig að fagmennska þeirra kennara sem lokið hafa námi í leikskólakennarafræðum fái að njóta sín. Þannig er aukinn undirbúningstími ætlaður til að tryggja faglegt starf með börnum og í að skólar nái að innleiða starf til að mæta aðalnámskrá leikskóla eins og kostur er.

Um er að ræða miklar breytingar sem þurfa að fá tíma til að þróast og finna sér farveg. Samningsaðilar eru sammála um að í stað þess að skilgreina tíma og verkefni miðlægt niður í ákveðin hólf eða ramma séu þarfir einstaka leikskóla, deilda og barna settar í forgrunn þegar kemur að skipulagningu starfsins. Stjórnendur, sveitarfélög og leikskólakennarar þurfa því að sýna ákveðna þolinmæði, leyfa breyttum áherslum að festa rætur og eftir því sem reynsla kemur á framkvæmdina þarf hugsanlega að gera skipulagsbreytingar til að mæta nýjum áskorunum. Þegar verið er að gera jafn mikilvægar breytingar er eðlilegt að upp komi álitamál en best af öllu er ef samkomulag næst um framkvæmdina útfrá forsendum þess skólastarfs sem fram fer í einstaka leikskólum.

Eitt þeirra atriða sem talsvert hefur verið rætt eftir undirritun kjarasamningsins er hvort deildarstjórafundir falli undir undirbúningstíma deildarstjóra. Almenn tölur FL og annarra stéttarfélaganna sem gera kjarasamninga um störf á leikskólum að deildarstjórafundir falli ekki innan lágmarks undirbúningstíma og hefur sú framkvæmd viðgengist víðast hvar án þess að sveitarfélögin hafi gert sérstakan ágreining þar um. Ljóst er að deildarstjórafundir geta verið mismunandi milli einstaka leikskóla og útfrá áherslum stjórnenda bæði hvað varðar upplagg og umfang. Í tengslum við þær breytingar sem koma nú til framkvæmda geta leikskólastjóri og starfsmaður komist að samkomulagi við gerð vinnuskýrslu að hausti um að deildarstjórafundir falli innan undirbúningstíma. Í slíkum tilvikum skal ávallt tryggt að fundartíma sé þannig stillt í hof og honum sé þá eingöngu varið til undirbúnings vegna starfs deildar eða því sem tengist faglegu undirbúningsstarfi í samræmi við gr. 2.7 og 2.7.1. í kjarasamningi. Við ákvörðun um fasta eða tilfallandi fundi skal leikskólastjóri/deildarstjóri ávallt taka tillit til þess að ekki sé gengið svo á undirbúningstíma vegna funda að starfsmenn hafi ekki tók á að sinna þeim verkefnum sem leikskólastjóri og starfsmaður hafa ákveðið að séu á verksviði starfsmannsins og teljast til faglegrar undirbúnings hans.

Annað atriði sem sveitarfélög hafa velt fyrir sér er hvaða störf falla almennt undir undirbúningstíma leikskólakennara. Í stuttu máli falla öll störf og fundir sem ekki snúa beint að starfi með nemendum á deild undir undirbúningstíma. Til viðmiðunar skal haft að um sé að ræða faglegan undirbúning og að tekið sé mið af starfslýsingu í kjarasamningi. Mismunandi getur verið hvaða verkefni tilheyra hverjum og einum starfsmanni þegar kemur að undirbúningi enda verkefnum skipt milli aðila eftir því sem starfsemi kallar á. Nýting undirbúningstíma þarf því ávallt að taka mið af atriðum eins og skólastefnu, verkefnum, kennsluháttum, samvinnu og samábyrgð kennara á undirbúningi og samstarfi við aðra innan og utan leikskólans.

Það er hlutverk skólastjóra og starfsmanns að leggja sameiginlega mat á það við gerð vinnuskýrslu að hausti hver þörfin er og þá jafnframt hvernig undirbúningstíma einstaklingsins er best varið til að mæta þörfum barna, starfsemi og áherslum viðkomandi leikskóla. Leikskólastjóri tekur lokaákvörðun um hvaða undirbúningsverkefni eru á verksviði starfsmannsins og þá hvernig undirbúningi og sveigjanleika í tengslum við hann eða önnur störf hans er best fyrirkomid. Almenn skila starfsmenn undirbúningi sínum á vinnustað/starfsstöð en í kjarasamningi er m.a. fjallað sérstaklega um ávinning sem fengist getur með sveigjanleika s.s. í tilvikum þar sem vinnuaðstaða er ófullnægjandi. Í þeim tilvikum sem starfsmaður og stjórnandi eru sammála um að vikulegur undirbúningstími verði ekki fullnýttur, yfir

lengri eða skemmri tíma, skal starfsmaður að höfðu samráði við deildarstjóra- og/eða leikskólastjóra ganga til annarra verkefna/undirbúnings er falla undir verksvið hans og starfsemin kallar á.

Samningsaðilar eru sammála um að þættir sem almennt eru skilgreindir sem sí- og endurmenntun í samræmi við fyrirliggjandi starfsþróunaráætlun falli ekki undir skilgreindan undirbúningstíma.

Sveitarfélögum og leikskólastjórum er heimilt innan marka laga og reglugerða sem gilda um leikskólastigið að skipuleggja starf leikskóla og vinnuskil starfsmanna í samræmi við skólastefnu, mannauð og því hvað best hentar við skipulag og framkvæmd starfs í einstaka skóla svo framarlega að starfsemin fylgi þeim lögum og reglum sem um skólastigið gilda. Samningsaðilar hafa sem dæmi ekki tekið ákvörðun um miðlæga skilgreiningu á því hvað má eða hvað má ekki varðandi það hvort starfsmenn séu við undirbúning á ákveðnum tíma dags meðan aðrir sinna t.d. gæslu eða hvort undirbúningi er dreift yfir daginn eða vikuna. Skv. fyrirliggjandi upplýsingum hafa einhver sveitarfélög og skólar tekið upp það skipulag að láta undirbúning mæta afgangi í lok dags og hefur ekki verið gerð athugasemd við slíkt fyririrkomulag svo vitað sé til.

Samningsaðilar eru að vinna sameiginlegt vinnuskýrsluform sem vonandi tekst að klára og senda til leikskólastjóra og sveitarfélaga fyrir miðjan septembermánuð.

Reykjavík 9. september 2020

Samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga.